# XXVI

## HÆSTARÉTTARMÁLIÐ NR. 214/1978 :

**Ákæruvaldið**
**gegn**

**Kristjáni Viðari Viðarssyni,**
**Sævari Marinó Ciesielski,**
**Tryggva Rúnari Leifssyni,**
**Albert Klahn Skaftasyni,**
**Erlu Bolladóttur**
**og**
**Guðjóni Skarphéðinssyni**

# ÝMISLEG SKJÖL

**fyrir og eftir uppsögu héraðsdóms**

# HÆSTARÉTTARMÁLIÐ NR. 214/1978 :

Ákæruvaldið
gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni,
Sævari Marinó Ciesielski,
Tryggva Rúnari Leifssyni,
Albert Klahn Skaftasyni,
Erlu Bolladóttur
og
Guðjóni Skarphéðinssyni

# ÝMISLEG SKJÖL

fyrir og eftir uppsögu héraðsdóms

# S K J A L A S K R Á


| | Dags.: | | Bls.: |
|---|---|---|---|
| **A.** | | | |
| Bréf bæjarfógetans í Keflavík | 8.1. | 1976 | 1 |
| Afrit af bréfi ríkissaksóknara | 25.3. | " | 2 |
| Bréf sakadóms Reykjavíkur | 26.10. | " | 3 - 5 |
| Afrit af bréfi ríkissaksóknara | 8.12. | " | 6 - 7 |
| Bréf sakadóms Reykjavíkur | 25.2. | 1977 | 8 |
| Afrit af bréfi ríkissaksóknara | 16.3. | " | 9 - 10 |
| **B.** | | | |
| Ágripsendurrit af dómþingi sakad. Rvíkur | 19.12. | 1977 | 11 - 16 |
| Áfrýjunarstefna | 26.7. | 1978 | 17 - 18 |
| Afrit af bréfi ríkissaksóknara | 28.7. | " | 21 |
| Birting áfrýjunarstefnu | 3. - 11.8. | " | 18 - 20 |
| Bréf sakadóms Reykjavíkur | 15.8. | " | 22 |
| Skipun verjanda fyrir Hæstarétti | 20.12. | " | 23 |
| Bréf Hæstaréttar | 21.12. | " | 24 |
| **C.** | | | |
| Ljósrit af bréfi sakadóms Reykjavíkur | 21.12. | 1977 | 25 |
| Bréf Páls S. Pálssonar, hrl. | 23.2. | 1979 | 26 - 27 |
| Ljósrit af bréfi ríkissaksóknara | 14.3. | " | 28 |
| Sama | 14.3. | " | 29 |
| Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins | 30.3. | " | 30 |
| Ljósrit af bréfi sakadóms Reykjavíkur | 23.5. | " | 31 |
| Bréf Páls S. Pálssonar, hrl. | 11.6 | " | 32 |
| Ljósrit af bréfi ríkissaksóknara | 22.6. | " | 33 |
| Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins | 29.6. | " | 34 |

D.


| | Dags.: | | Bls.: |
|---|---|---|---|
| Bréf ríkissaksóknara | 5.10 | 1979 | 35 |
| Ljósrit af bréfi rannsóknarlögr.stjóra | 9.10. | " | 36 |
| Bréf Hilmars Ingimundarsonar, hrl. | 9.10. | " | 37 |
| Bréf ríkissaksóknara | 11.10. | " | 38 |
| Ljósrit af bréfi rannsóknarlögr.stjóra | 16.10. | " | 39 |
| Bréf Guðsteins Þengilssonar, læknis | 20.10. | " | 40 |
| Bréf rannsóknarlögr.stjóra | 22.10. | " | 41 - 42 |
| Endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur | 25.10. | " | 43 - 44A |
| Ljósrit af bréfi sakadóms Reykjavíkur | 26.10. | " | 45 |
| Yfirlýsing ákærða Kristjáns Viðars | 30.10. | " | 46 |
| " " Sævars Marinós | 30.10. | " | 47 |
| " " Tryggva Rúnars | 30.10. | " | 48 |
| " " Alberts Klahn | 1.11. | " | 49 |
| " " Erlu Bolladóttur | 1.11. | " | 50 |
| " " Guðjóns Skarphéðinssonar | 31.10. | " | 51 |
| Lyfjanotkun " Kristjáns Viðars | 7.11. | " | 52 |
| " " Sævars Marinós | 7.11. | " | 53 |
| " " Tryggva Rúnars | 7.11. | " | 54 |
| " " Alberts Klahn | 7.11. | " | 55 |
| " " Erlu Bolladóttur | 7.11. | " | 56 |
| " " Guðjóns Skarphéðinssonar | 7.11. | " | 57 |
| Bréf rannsóknarlögreglustjóra | 7.11. | " | 58 |

*SÝSLUMAÐURINN Í GULLBRINGUSÝSLU*
*BÆJARFÓGETINN Í KEFLAVÍK OG GRINDAVÍK*
**Vatnsnesveg 33 - Sími (92) 1922**

76/76

1

VS/hh

**Keflavík,** 8. jan. 1976.

Í framhaldi af samtali yðar herra ríkisssaksóknari, hafa yður nú verið send gögn varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar, Brekkubraut 9, Keflavík sem hvarf þann 19. nóvember 1974.

Gögn þessi sem bæði eru skýrslur og ýmis rannsóknargögn varðandi mál þetta, voru afhent á skrifstofu yðar þann 5. þ.m.

Ríkissaksóknari,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

109/76

HE/SJ

25. mars 1976.

M.76/76

Í dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var fimmtudaginn 11. þ.m., af Erni Höskuldssyni, aðalfulltrúa, var tekið fyrir í dóminum rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar frá Keflavík.

Af hálfu ákæruvalds var þess þá krafist, að gæzluvarðhaldsvist þeirra Einars Gunnars Bollasonar, Magnúsar Leópoldssonar og Valdimars Olsen, sem þeir hafa sætt vegna ofangreindrar rannsóknar, yrði framlengd með úrskurði dómsins. Var í því efni vísað til 1. og 4. töl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála. Jafnframt var þess krafist, að hin alvarlegu sakarefni máls þessa, sem sætt hafa lögreglurannsókn, yrðu þegar tekin til ýtarlegrar dómsrannsóknar eftir reglum sömu laga.

Með þremur úrskurðum sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. þ.m. var gæzluvarðhaldsvist fyrrgreindra þriggja manna framlengd jafnframt því sem kveðið var á um rannsókn þessara sakarefna fyrir dómi, og voru þessir úrskurðir dómsins staðfestir í hæstarétti hinn 22. þ.m.

Með vísan til framanritaðs og í framhaldi af viðræðum vararíkissaksóknara við yfirsakadómara og Örn Höskuldsson, aðalfulltrúa, hinn 23. þ.m., um meðferð og framgang máls þessa, er hér með ítrekuð sú krafa ákæruvalds að sakarefni máls þessa sæti ýtarlegri dómsrannsókn, jafnframt því sem ástæða þykir til að leggja áherzlu á þýðingu þess, að rannsókn þessara alvarlegu sakarefna sæti eins greiðlegri meðferð og kostur er.

Þá er þess óskað, að sakadómur Reykjavíkur tilkynni embætti ríkissaksóknara hvaða ranssóknardómari fari með og stjórni rannsókn málsins svo og um væntanleg þinghöld í málinu.

F. h. r.

HE.

Til

sakadóms Reykjavíkur.

**SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR**

2949/76

ÓSKAST TILGREINT Í SVARBRÉFI
ÖH/þs

Reykjavík, 26. október 1976.

3

Hér með hr. ríkissaksóknari, 2 endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur ásamt 57 framlögðum skjölum, allt vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar, Hraunprýði í Blesugróf.

Kærðir eru Tryggvi Rúnar Leifsson, Selásbletti 14, hér í borg, Kristján Viðar Viðarsson, Grettisgötu 82, hér í borg, Sævar Marinó Ciesielski, Þverbrekku 4, Kópavogi og Albert Klahn Skaftason, Laugavegi 46 a, hér í borg.

Þá sendast ennfremur eftirtalin gögn:

2 endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur ásamt 2 rannsóknarlögregluskýrslum vegna fjársvika Erlu Bolladóttur og Sævars Marinó Ciesielski, Þverbrekku 4, Kópavogi,

endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur ásamt rannsóknarlögregluskýrslu vegna íkveikju þeirra Tryggva Rúnars Leifssonar, Selásbletti 14 hér í borg og Óskars Elías Héðins Guðmundssonar, Framnesvegi 18 hér í borg,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna óheimillar töku þeirra Arnar Leó Guðmundssonar, Völvufelli 44, Kristjáns Viðars Viðarssonar, Grettisgötu 82 og Sævars Marinó Ciesielski, Þverbrekku 4, Kópavogi á bifreið,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna þjófnaðar þeirra Kristjáns Viðars Viðarssonar, Grettisgötu 82, Erlu Bolladóttur, Þverbrekku 4, Kópavogi, Sævars Marinó Ciesielski s.st. og Sigurðar Óttars Hreinssonar, Asparteigi 2, Mosfellssveit,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna innbrots- og þjófnaðar Kristjáns Viðars Viðarssonar og Arnar Leós Guðmundssonar,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna þjófnaðar Erlu Bolladóttur og Sævars Marinó Ciesielski,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna innbrots og þjófnaðar Kristjáns Viðars Viðarssonar, Sævars Marinó Ciesielski og Lárusar Björns Svavarssonar, Yztabæ 1 hér í borg,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna þjófnaðar Sævars Marinó Ciesielski, Alberts Klahn Skaftasonar og Sigurðar Snævars Hákonarsonar, Bergþórugötu 27, Ottós Sigurðssonar, s.st. og Bjarna Þórs Þorvaldssonar, s.st.,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna innbrots Tryggva Rúnars Leifssonar,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna innbrots Kristjáns Viðars Viðarssonar og Sævars Marinó Ciesielski,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna þjófnaðar Sævars Marinó Ciesielski,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna innbrots og þjófnaðar Kristjáns Viðars Viðarssonar og Ottós Sigurðssonar,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna innbrots og þjófnaðar Kristjáns Viðars Viðarssonar, Sævars Marinó Ciesielski og Ottós Sigurðssonar,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna tékkafölsunar Erlu Bolladóttur og Sævars Marinó Ciesielski,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna tékkafölsunar Erlu Bolladóttur og Sævars Marinó Ciesielski,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna tékkafölsunar Erlu Bolladóttur og Sævars Marinó Ciesielski,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna tékkafölsunar Erlu Bolladóttur og Sævars Marinó Ciesielski,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna tékkafölsunar Erlu Bolladóttur og Sævars Marinó Ciesielski,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna líkamsárásar Kristjáns Viðars Viðarssonar og Sævars Marinó Ciesielski,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna innbrots Tryggva Rúnars Leifssonar,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna þjófnaðar Tryggva Rúnars Leifssonar og Einars Sverris Einarssonar, Safamýri 65 hér í borg,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna þjófnaðar Sævars Marinó Ciesielski,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna innbrots Kristjáns Viðars Viðarssonar og Óskars Elíasar Héðins Guðmundssonar,

rannsóknarlögregluskýrsla vegna þjófnaðar Kristjáns Viðars Viðarssonar og Sævars Marinó Ciesielski.

Til
ríkissaksóknara.

RÍKISSAKSÓKNARI
Bréfabók nr 4555/76

HE/SJ

M.2679/74, 3479/75
999, 2949/76

8. desember 1976.

Hér með er sakadómi Reykjavíkur send ákæra á hendur eftirgreindum 7 mönnum:

1. Kristjáni Viðari Viðarssyni, Grettisgötu 82, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík;

2. Sævari Marinó Ciesielski, Þverbrekku 4, Kópavogi, nú gæzlufanga í Reykjavík;

3. Tryggva Rúnari Leifssyni, Selásbletti 14, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík;

4. Albert Klahn Skaftasyni, Laugavegi 46 A, Reykjavík;

5. Erlu Bolladóttur, Þverbrekku 4, Kópavogi, nú gæzlufanga í Reykjavík;

6. Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni, Sigtúni 35, Reykjavík; og

7. Guðjóni Skarphéðinssyni, Rauðarárstíg 32, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík;

Rannsóknargögn um ákæruefni máls þessa bárust embætti ríkissaksóknara með bréfum sakadóms Reykjavíkur, dagsettum 1. október 1975 og 26. október s.l. og bréfum sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, dagsettum 18. október 1974 og 31. marz s.l. Jafnframt því að senda sakadómi Reykjavíkur öll rannsóknargögn máls þessa er þess krafizt, að sakadómur Reykjavíkur ljúki rannsókn máls þessa fyrir dómi og taki það síðan til dómsálagningar samkvæmt ákæru á hendur fyrrgreindum 7 mönnum.

Fyrirhugað er að fresta ákæru skilorðsbundið vegna ætlaðra brota Ottós Sigurðssonar, Bergþórugötu 27, samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og verður dóminum tilkynnt um þá ákvörðun síðar. Efni þykja eigi nú vera til aðgerða af hálfu ákæruvalds vegna ætlaðra þjófnaðarbrota þeirra Lárusar Björns Svavarssonar, Yztabæ 1, Óskars Elíasar Héðins Guðmundssonar, Framnesvegi 18, og Arnar Leós Guðmundssonar, Völvufelli 44, með tilliti til dóma þeirra, sem síðar hafa fallið yfir þeim, sbr. meðfylgjandi sakavottorð þeirra.

Sókn máls þessa mun embætti ríkissaksóknara annazt.

F. h. r.

ÞE.

Til
sakadóms Reykjavíkur.

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

RÍKISSAKSÓKNARI
Málaskrá, nr. 76/76

ÓSKAST TILGREINT
Í SVARBRÉFI
ÖH/gó.

8

Reykjavík, 25. febrúar 1977.

Hér með, herra ríkissaksóknari, rannsóknargögn vegna rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar, þá Keflavík.

[signature]

Til ríkissaksóknara.

RÍKISSAKSÓKNARI
Bréfabók, nr. 868/77

HE/SJ
M.76/76

16. mars 1977.

ÖH/gó

Með bréfi sakadóms Reykjavíkur, dagsettu 25. f.m., sendi dómurinn embætti ríkissaksóknara til ákvörðunar rannsóknargögn dómsins um rannsókn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og sakadóms Reykjavíkur á hvarfi og vígi Geirfinns Einarssonar frá Keflavík.

Jafnframt því að endursenda dóminum rannsóknargögn máls þessa er sakadómi Reykjavíkur hér með send ákæra á hendur eftirgreindum 4 mönnum fyrir manndráp og rangar sakargiftir:

1. Kristjáni Viðari Viðarssyni, Grettisgötu 82, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík,
2. Sævari Marinó Ciesielski, Grýtubakka 10, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík,
3. Guðjóni Skarphéðinssyni, Rauðarárstíg 32, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík, og
4. Erlu Bolladóttur, Stóragerði 29, Reykjavík.

Þess er krafizt, að sakadómur Reykjavíkur ljúki rannsókn sakarefna máls þessa fyrir dómi og taki það síðan til dómsálagningar samkvæmt meðfylgjandi ákæru og verði dómsmeðferð þessara ákæruefna sameinað dómsmeðferð sakarefna þeirra, sem um er fjallað í ákæru á hendur hinum sömu ákærðu - auk annarra - frá 8. desember s.l. og send var dóminum með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 8. desember s.l.

Framsent er bréf hrl. Jóns Oddssonar, dagsett 21. f.m., er hann hefir ritað embætti ríkissaksóknara að beiðni móður ákærða Sævars Marinós.

o

Eins og tekið var fram í fyrrgreindu bréfi ríkissaksóknara frá 8. desember s.l. mun embætti ríkissaksóknara

annast sókn máls þessa.

F. h. r.

VE.

Til
sakadóms Reykjavíkur.

Málflutningurinn hófst kl. 14.00 en lauk kl. 15.45.

Dómurinn tók málið til dóms.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjördís Þorsteinsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ár 1977, mánudaginn 19. desember, var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara, sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari.

Mættir eru verjendur ákærðu þeir Páll A. Pálsson, hdl., Jón Oddsson, hrl., Hilmar Ingimundarson, hrl., Benedikt Blöndal, hrl., Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl. og Örn Clausen, hrl.

Ákærðu Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski og Tryggvi Rúnar Leifsson eru mættir, en ákærði Guðjón óskaði ekki eftir að vera viðstaddur dómsuppkvaðninguna. Aðrir ákærðu eru ekki mættir.

Dómurinn kvað upp svohljóðandi

d ó m :

900.000, ákærði Sævar Marinó, Jóni Oddssyni, hrl., kr. 900.000, ákærði Tryggvi Rúnar, Hilmari Ingimundarsyni, hrl., kr. 700.000, ákærði Guðjón, Benedikt Blöndal, hrl., kr. 700.000, ákærði Albert Klahn, Erni Clausen, hrl., kr. 650.000 og ákærða Erla, Guðmundi Ingva Sigurðssyni, hrl., kr. 700.000, en annan sakarkostnað ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt.

Ákærða Ásgeir Ebenezer Þórðarson, ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum Finni Torfa Stefánssyni, hdl., kr. 60.000 í málsvarnarlaun, en eins og þætti ákærða í málinu er háttað, þykir ekki ástæða til að gera honum að greiða frekari sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Viðar Viðarsson, sæti fangelsi ævilangt.

Ákærði, Sævar Marinó Ciesielski, sæti fangelsi ævilangt.

Ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, sæti fangelsi í 16 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald hans frá 23. desember 1975.

Ákærði, Guðjón Skarphéðinsson, sæti fangelsi í 12 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald hans frá 12. til 18. desember 1975 og frá 13. nóvember 1976.

Ákærði, Albert Klahn Skaftason, sæti fangelsi í 15 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald hans frá 23. desember 1975 til 19. mars 1976.

Ákærða, Erla Bolladóttir, sæti fangelsi í 3 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald hennar frá 13. til 20. desember 1975 og frá 4. maí til 22. desember 1976.

Ákærði, Ásgeir Ebenezer Þórðarson, sæti fangelsi í

4 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955, haldið. Komi refsingin til framkvæmda skal dragast frá henni gæsluvarðhald ákærða frá 15. til 22. desember 1975.

Ákærði Sævar Marinó, greiði Elínu Þórhallsdóttur, Hlíðarhvammi 4, Kópavogi, kr. 31.700 og Farfugladeild Reykjavíkur kr. 30.000.

Ákærðu Sævar Marinó og Erla greiði óskipt Póst- og símamálastjórn kr. 952.700 og verslun Silla & Valda kr. 5000.

Ákærði Tryggvi Rúnar greiði Halldóru Ingimarsdóttur, Tunguvegi 74, Reykjavík, kr. 255.000 auk 9% ársvaxta frá 26. október 1974 til 23. apríl 1976 og 13% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu Ásgeir Ebenezer og Sævar Marinó skulu þola upptöku til ríkissjóðs á 2.5 kg af hassi, sem tollgæslan í Reykjavík lagði hald á 12. desember 1975.

Ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó, Tryggvi Rúnar, Guðjón, Albert Klahn og Erla greiði saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 1.000.000 óskipt.

Ákærðu greiði skipuðum verjendum sínum réttargæslu- og málsvarnarlaun sem hér segir:

Ákærði Kristján Viðar, Páli A. Pálssyni, hdl., kr. 900.000, ákærði Sævar Marinó, Jóni Oddssyni, hrl., kr. 900.000, ákærði Tryggvi Rúnar, Hilmari Ingimundarsyni, hrl., kr. 700.000, ákærði Guðjón, Benedikt Blöndal, hrl., kr. 700.000,

ákærði Albert Klahn, Erni Clausen, hrl., kr. 650.000, og ákærða Erla, Guðmundi Ingva Sigurðssyni, hrl., kr. 700.000, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Ákærði Ásgeir Ebenezer, greiði skipuðum verjanda sínum Finni Torfa Stefánssyni, hdl., kr. 60.000 í málsvarnarlaun.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Dómsorðið var lesið í heyranda hljóði.

Dóminum ber lögum samkvæmt að áfrýja til Hæstaréttar Íslands, að því er varðar Kristján Viðar, Sævar Marinó, Tryggva Rúnar og Guðjón, og er dómþolum, sem viðstaddir eru tilkynnt það. Þeir óska áfrýjunar á dóminum. Verjendur annarra dómþola taka sér frest til ákvörðunar um áfrýjun.

Sækjandi ber nú fram þá kröfu af hálfu ákæruvaldsins, að dómþolar Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski, Tryggvi Rúnar Leifsson og Guðjón Skarphéðinsson, verði skv. 4. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 úrskurðaðir til að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 1 ár, uns dómur gengur í Hæstarétti í máli þessu.

Af hálfu dómþola er kröfunni mótmælt.

Upplesið, staðfest.

Dómurinn gerir nú stutt hlé á þinghaldinu, en að því loknu er kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Ár 1977, mánudaginn 19. desember, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurunum Gunnlaugi Briem, dómsformanni, Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum í dag hafa eftirtaldir menn verið dæmdir í fangelsi sem hér segir:

Kristján Viðar Viðarsson, Grettisgötu 82, Reykjavík, fæddur 21. apríl 1955, í ævilangt fangelsi fyrir manndráp, rangar sakargiftir og þjófnaði.

Sævar Marinó Ciesielski, Grýtubakka 10, Reykjavík, fæddur 6. júlí 1955, í ævilangt fangelsi fyrir manndráp, rangar sakargiftir, brot á fíkniefnalöggjöf, skjalafals og auðgunarbrot.

Tryggvi Rúnar Leifsson, Selásbletti 14, Reykjavík, fæddur 2. október 1951, í 16 ára fangelsi fyrir manndráp, nauðgun, brennu og þjófnaði.

Guðjón Skarphéðinsson, Rauðarárstíg 32, Reykjavík, fæddur 19. júní 1943, í 12 ára fangelsi fyrir manndráp og brot á fíkniefnalöggjöfinni.

Af hálfu ákæruvalds hefur þess verið krafist, að ofangreindir menn verði úrskurðaðir í gæsluvarðhald, í allt að 1 ár eða uns hæstaréttardómur gengur í máli þeirra.

Af hálfu dómþola hefur kröfu þessari verið mótmælt.

Kröfu ákæruvaldsins ber að taka til greina skv. 4. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þó þannig, að gæsluvarðhaldið skuli ekki standa lengur en til 19. desember 1978.

Úrskurðarorð:

Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski, Tryggvi Rúnar Leifsson og Guðjón Skarphéðinsson, sæti gæsluvarðhaldi uns dómur Hæstaréttar gengur í máli þeirra, þó eigi lengur en til 19. desember 1978.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Úrskurðurinn var lesinn í heyranda hljóði að viðstöddum dómþolum Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Tryggva Rúnari og verjendum þeirra svo og verjanda dómþola Guðjóns, Benedikt Blöndal.

Taka þeir sér frest til að ákveða um kæru til Hæstaréttar.

Upplesið.

Dómþingi slitið kl. 14.30.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Dóms-

gjörðum þessum til staðfestu,

eru nöfn dómaranna og innsigli dómsins.

Gunnlaugur Briem

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Opinbert mál.

---



Framanskráðum dómi, sem barst embætti ríkissaksóknara eftir hádegi 6. júlí s.l. þó að bréfið, sem dóminum fylgdi sé dagsett 6. júní s.l., er ríkissaksóknara skylt samkvæmt 175. gr. 1. mgr. 1 tölulið laga nr. 74, 1974 að áfrýja að því er varðar dómfelldu Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski, Tryggva Rúnar Leifsson og Guðjón Skarphéðinsson og hafa þeir einnig óskað áfrýjunar á dóminum. Er dóminum hér með áfrýjað til Hæstaréttar að því er þessa fjóra menn snertir.

Einnig er dóminum hér með áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til Hæstaréttar að því er varðar dómfelldu Albert Klahn Skaftason og Erlu Bolladóttur.

Dóminum er áfrýjað til staðfestingar að því er varðar dómfelldu Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Cielsielski en til þyngingar að því er varðar dómfelldu Tryggva Rúnar Leifsson, Guðjón Skarphéðinsson, Albert Klahn Skaftason og Erlu Bolladóttur og verður málið þingfest í Hæstarétti svo fljótt sem kostur er.

Stefnist því hér með dómfelldu Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski, Tryggva Rúnari Leifssyni, Guðjóni Skarphéðinssyni, Albert Klahn Skaftasyni og Erlu Bolladóttur til að mæta fyrir Hæstarétti, þegar málið verður tekið þar fyrir, til að hlýða á ákæru, til sakar að svara og dóm að þola og mega þau ekki vænta frekara fyrirkalls eða stefnu í málinu.

Skrifstofu ríkissaksóknara, Reykjavík, 26. júlí 1978 

Þórður Björnsson

Framanritaða áfrýjunarstefnu birtum við undirritaðir í dag kl. $14^{00}$ í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í Reykjavík, Kristjáni Viðari Viðarssyni. Hann óskar að Páll S. Pálsson hrl. verði skipaður verjandi hans í Hæstarétti.

Reykjavík, 3. ág. 1978

Ragnar Þorsteinsson
lögreglumaður

Jón Halldórsson
lögreglumaður

Framanritaða áfrýjunarstefnu birtum við undirritaðir í dag, kl. $11^{00}$ í Vinnuhælinu, Litla-Hrauni Sævari Marinó Ciesielski. Hann óskar eftir að verja mál sitt sjálfur

fyrir Hæstarétti, en ef það samrýmist ekki lögum, þá óskar hann að Jón Oddsson hrl. verði skipaður verjandi hans.

Litlahrauni 4. ág. 1978

Ragnar Þorsteinsson
lögreglumaður
Jón Halldórsson
lögreglumaður

Framanritaða áfrýjunarstefnu birtum við undirritaðir í dag kl. 11.15 í Vinnuhælinu Litla-hrauni Tryggva Rúnari Leifssyni. Hann óskar að Hilmar Ingimundarson hrl. verði skipaður verjandi hans í Hæstarétti.

Litlahrauni 4. ág. 1978

Ragnar Þorsteinsson
lögreglumaður
Jón Halldórsson
Lögreglumaður

Framanritað áfrýjunarstefna
hefur verið birt mér í dag.
Svo sem meðfylgjandi umboð
með sér hefur Albert Klahn
Skaftason óskað eftir því, að ég
verði skipaður verjandi hans
fyrir Hæstarétti.

Reykjavík, 9. ágúst 1978.

[illegible signature]

Reykjavík, 11. 8. 78
Framanritað áfrýjunarstefna
er mér birt í dag f.h.
Erla Bolladóttir.

[illegible signature]

Framanritaða áfrýjunarstefnu
birtum við undirritaðir 5. ág. 1978
Guðjóni Skarphéðinssyni að Kvíabryggju
kl. 17 30. Hann óskar að Benedikt
Blöndal hrl. verði skipaður verjandi
hans í Hæstarétti.

Reykjavík 11. ág. 1978

Guðm. R. Ólafsson. lögreglum.

Þorkell Samúelsson lögregluþj.

ÞB/SJ
M.2679/74, 3479/75
999/76, 2949/76

28. júlí 1978.

Jafnframt því hér með að endursenda sakadómi Reykjavíkur dómsgerðir í sakadómsmálinu:

Ákæruvaldið
gegn
Kristjáni Viðari Viðarssyni,
Sævari Marinó Ciesielski,
Tryggva Rúnari Leifssyni,
Albert Klahn Skaftasyni,
Erlu Bolladóttur,
Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni og
Guðjóni Skarphéðinssyni,

sem bárust embætti ríkissaksóknara með bréfi 6. þ.m., er þess beiðst, að birt verði fyrir dómfelldu - að Ásgeiri Ebeneser Þórðarsyni undanskildum - áfrýjunarstefna sú, sem rituð hefur verið á dómsgerðirnar og hinir sex dómfelldu jafnframt inntir eftir því, hvort þeir óski eftir einhverjum sérstökum hæstaréttarlögmanni sem verjanda fyrir Hæstarétti og þá hverjum.

Þ. Bj.

Til
sakadóms Reykjavíkur.

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

RÍKISSAKSÓKNARI
2694/94, 3479/75
Málaskrá, nr. 96, 990, 2040/76

ÓSKAST TILGREINT
Í SVARBRÉFI
GB/GÓ

Reykjavík, 15. ágúst 1978

Sendi yður hér með, herra ríkissaksóknari, dómsgerðir (V) í máli ákæruvaldsins gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni o.fl. með áritun um birtingu áfrýjunarstefnu.

Gunnlaugur Briem

Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
R.

RÍKISSAKSÓKNARI
2915/78

Verjandi ákærða, Kristjáns Viðars Viðarssonar, fyrir Hæstarétti er skipaður Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður.

Verjandi ákærðu, Sævars Marinó Ciesielski, fyrir Hæstarétti er skipaður Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður.

Verjandi ákærðu, Tryggva Rúnars Leifssonar, fyrir Hæstarétti er skipaður Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður.

Verjandi ákærða, Alberts Klahn Skaftasonar, fyrir Hæstarétti er skipaður Örn Clausen hæstaréttarlögmaður.

Verjandi ákærðu, Erlu Bolladóttur, fyrir Hæstarétti er skipaður Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Verjandi ákærða, Guðjóns Skarphéðinssonar, fyrir Hæstarétti er skipaður Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður.

Reykjavík, 20. desember 1978.

Ármann Snævarr

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

~~2876~~76/76

Reykjavík, 21. desember 1978.

24

Mál yðar:

BE/SJ

M. 76/76.

Verjendur ákærðu í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski, Tryggva Rúnari Leifssyni, Albert Klahn Skaftasyni, Erlu Bolladóttur og Guðjóni Skarphéðinssyni, sem áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar og verður þar nr. 214/1978, hafa verið skipaðir sem hér segir:

Páll S. Pálsson hrl. verjandi Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Jón Oddsson hrl. verjandi Sævars Marinós Ciesielski.

Hilmar Ingimundarson hrl. verjandi Tryggva Rúnars Leifssonar.

Örn Clausen hrl. verjandi Alberts Klahn Skaftasonar.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl. verjandi Erlu Bolladóttur.

Benedikt Blöndal hrl. verjandi Guðjóns Skarphéðinssonar.

Skjöl málsins endursendast. Björn Helgason

Ljósrit send ofannefndum hæstaréttarlögmönnum.

Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
Reykjavík.

4930/78

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

**LJÓSRIT**

ÓSKAST TILGREINT Í SVARBRÉFI
GB/ÆE

25

Reykjavík, 21. desember 1977.

Með tilvísan til samtals við, hr. deildarstjóra Jón Thors, varðandi gæslufangana Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski, Tryggva Rúnar Leifsson og Guðjón Skarphéðinsson vill dómurinn taka eftirfarandi fram:

Dómur féll í máli ofangreindra manna 19. þ.m. og voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 19. desember 1978 eða uns hæstaréttardómur gengur í máli þeirra. Verjendur dómþola hafa óskað breytinga á framkvæmd gæsluvarðhaldsins, þannig að aflétt verði einangrun þeirri, er fangarnir hafa sætt í fangelsinu við Síðumúla. Af hálfu dómsins er talið rétt að verða við þessu, en þó þannig, að fangarnir verði eftir því sem unnt er aðskildir hver frá öðrum.

Gunnlaugur Briem

Dómsmálaráðuneytið
Arnarhváli.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 21 DEC 1977
Mál: Sævar M. Ciesielski o.fl.

*Lögmannastofa*

Bergstaðastræti 14 101 Reykjavík
P.O. Box 1177 Símar (tel.) 24200 & 23962

*Páll S. Pálsson hrl.*
*Stefán Pálsson hdl.*
*Páll Arnór Pálsson hdl.*

Ríkissaksóknari,
Hverfisgötu 6,
101 Reykjavík.

RÍKISSAKSÓKNARI
Mál nr. 76/76

26

Reykjavík, 23. febr. 1979.

Efni: Mál Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Ég leyfi mér að ítreka skriflega það sem ég hef áður minnst á við yður munnlega að ég tel með öllu óhæft að skjólstæðingi mínum, heilsufarslega séð, sé haldið í gæsluvist sem er þess eðlis að heilsu hans er stefnt í voða.

Í þessu sambandi leyfi ég mér að vitna til greinargerðar minnar til Hæstaréttar hinn 19. desember s.l. þar sem þetta allt er nánar rakið. Samkvæmt úrskurðarorði sakadóms uppkveðnu í þessu sama máli var hinn 19. desember s.l. úrskurðað að Kristján Viðar skyldi sæta gæsluvarðhaldi unz dómur Hæstaréttar gengi í máli hans en þó eigi lengur en til 19. desember 1979.

Þrátt fyrir mótmæli mín í áðurnefndri greinargerð til Hæstaréttar staðfesti Hæstiréttur þennan úrskurð. Ég vitna í greinargerð mini til læknisvottorðs frá Brynleifi Steingrímssyni héraðslækni á Selfossi sem lægi í dómsmálaráðuneytinu og vona ég að yður sé efni þessa vottorðs kunnugt.

Svo sem yður er kunnugt um, er ég ekki enn farinn að fá í hendur málsgögn héraðsdóms og málinu hefur ekki enn verið skilað til Hæstaréttar í einhvers konar ágripsformi þannig að á meðan svo er ástatt er málið alls ekki tekið til dóms í Hæstarétti.

Þér hafið tjáð mér að ástæðan til þessa dráttar sé sú að beðið sé eftir umsögn frá læknaráði. Ég tel með öllu óhæft að úrslit málsins bíði eftir slíku vottorði ef að það fæst ekki innan tíðar. Ég

27

óska eftir vegna skjólstæðings míns að fá að vita hvað þessum drætti veldur og hvort nægjanlega er þrýst á að fá vottorð þetta úr hendi læknaráðs og hvort ekki er hægt að nota tímann til undirbúnings málflutnings í Hæstarétti með dreifingu skjalanna til lögmanna á meðan beðið er eftir vottorðinu.

Ég þrýsti á þetta af mjög brýnni nauðsyn skjólstæðings míns til þess að komast í reglubundna fangavist en þurfa ekki að sæta því að verða öðru hverju rifinn upp úr vistinni þarna fyrir austan og sendur í fangahúsið í Reykjavík, ávallt í einhvers konar einangrun sem gæslufangi á meðan mál hans bíður meðferðar fyrir Hæstarétti.

Vænti svars yðar hið allra fyrsta.

Virðingarfyllst,

Páll S. Pálsson

RI... 
679/79

RÍKISSAKSÓKNARI

LJÓSRIT

28

ÞB/SJ
M.76/76
ÓSKAST TILGREINT Í SVARI

Reykjavík, 14. mars 1979.

Hér með framsendist hinni heiðruðu fullnustuskrifstofu dómsmálaráðuneytisins til athugunar bréf Páls S. Pálssonar, hrl., skipaðs verjanda ákærða gæslufangans Kristjáns Viðars Viðarssonar um vist hans í varðhaldinu.

Tekið skal fram að unnið er markvíst að ágripsgerð í máli gæslufangans og meðákærðra en álit Læknaráðs um sakhæfi og geðheilbrigði þeirra liggur enn eigi fyrir.

[signature]

Til
dómsmálaráðuneytisins
- fullnustuskrifstofu.

RÍKISSAKSÓKNARI

LJÓSRIT

29

ÞB/SJ

M.76/76

ÓSKAST TILGREINT Í SVARI

Reykjavík, 14. mars 1979.

Efni: Mál Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Í tilefni af heiðruðu bréfi yðar, hr. hæstaréttarlögmaður, dags. 23. f.m., út af ofangreindu máli skal tekið fram eftirfarandi:

1. Ofangreint bréf yðar hefur verið sent fullnustuskrifstofu dómsmálaráðuneytisins til athugunar.

2. Álit Læknaráðs um sakhæfi og geðheilbrigði Kristjáns Viðars Viðarssonar og meðákærða liggur enn eigi fyrir.

3. Unnið er markvíst að ágripsgerð í máli þeirra.

4. Ríkissaksóknari ákveður ekki meðferð gæslufanga og aðbúnað þeirra, sem í gæsluvist dvelja og er í því sambandi vakin athygli á 70. gr. laga nr. 74, 1974.

Hr. hæstaréttarlögmaður Páll S. Pálsson
Bergstaðastræti 14
Reykjavík.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 30. marz 1979.

76/76

ÞAJ/HH

30

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra ríkissaksóknari, dags. 14. þ. m., M.76/76, þar sem þér sendið til athugunar bréf Páls S. Pálssonar, hrl., varðandi framkvæmd gæzluvarðhaldsvistar yfir Kristjáni Viðari Viðarssyni.

Eftir að dómur sakadóms Reykjavíkur gekk í máli Kristjáns Viðars o. fl. tilkynnti Gunnlaugur Briem, sakadómari, ráðuneytinu, að dómurinn hefði fallizt á, að sú breyting yrði á framkvæmd gæzluvarðhaldsins, að aflétt yrði einangrun þeirri, er þeir sættu í fangelsinu við Síðumúla, en þó þannig, að fangarnir yrðu, eftir því sem unnt væri, aðskildir hver frá öðrum.

Telur ráðuneytið eigi unnt að haga gæzluvarðhaldsvistinni, miðað við framangreindar leiðbeiningar, með öðrum hætti en nú er gert og að það sé viðkomandi dómstóls að ákveða, hversu mikilli einangrun fangarnir skuli sæta.

Framangreint bréf Páls S. Pálssonar, hrl., endursendist hjálagt.

F. h. r.
e. u.

Þorsteinn A. Jónsson.

Ríkissaksóknari.

Afrit:
Páll S. Pálsson, hrl.
Bergstaðastræti 14
101 REYKJAVIK

RÍKISSAKSÓKNARI 1276/79

**SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR**

LJÓSRIT

ÓSKAST TILGREINT Í SVARBRÉFI

HOA/ag

Reykjavík, 23. maí 1979.



Vísað er til bréfs yðar dags. 15. maí s.l., þar sem þér farið fram á, að skjólstæðingur yðar, Kristján Viðar Viðarsson, fái samfleytt að afplána gæzluvarðhaldsvist sína á Litla- Hrauni.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 19. desember 1977 var skjólstæðingur yðar, ásamt fleirum, dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir manndráp, rangar sakargiftir og þjófnaði. Var máli þessu þar með lokið af hálfu sakadóms Reykjavíkur. Samdægurs var dómþolum eftir kröfu ákæruvaldsins gert að sæta gæzluvarðhaldi, unz Hæstaréttardómur gengi í máli þeirra, þó eigi lengur en til 19. desember 1978. Þann dag hafði Hæstaréttardómur enn ekki gengið í máli þeirra. Var því eftir kröfu ríkissaksóknara gæzluvarðhald dómþola framlengt til 19. desember 1979.

Gæzluvarðhaldsúrskurður eða framlenging hans er einstök aðgerð, sem að lögum þarf til atbeina dómara, og kveðinn er upp samkvæmt kröfu ákæruvaldsins. Þegar gæzluvarðhaldsúrskurður er fenginn, fær sá, sem hans hefur beiðzt, úrskurðinn til framkvæmdar og hefur dómari eftir það ekki afskipti af málinu og enga yfirsýn yfir stöðu þess. Í þessu sambandi má benda á reglur nr. 316/1977 um nýtingu fangelsa í Reykjavík, en þar er tekið fram í 3.gr., að sá, sem með rannsókn máls fer, taki ákvörðun um vistun fanga. Er þess ekki getið, að dómari hafi afskipti af því.

Með vísan til framanritaðs er ekki unnt að verða við beiðni um breytingu á vistun skjólstæðings yðar.

Hjörtur O. Aðalsteinsson

Hr. Páll S. Pálsson, hrl.
Bergstaðastræti 14,
101 - R e y k j a v í k .

*Lögmannastofa*
Bergstaðastræti 14 101 Reykjavík
Box 1177 Símar (tel.) 24200 & 23962

*Páll S. Pálsson hrl.*
*Stefán Pálsson hdl.*
*Páll Arnór Pálsson hdl.*



RÍKISSAKSÓKNARI
Málaskrá, nr. 76/76

Ríkissaksóknarinn,
Hverfisgötu 6,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 11. júní 1979.

Hér með leyfi ég mér að senda yður hr. ríkissaksóknari bréf Hjartar Ó. Aðalsteinssonar til mín dags. 23. maí 1979 varðandi ósk mína um að skjólstæðingur minn Kristján Viðar Viðarsson fái samfleytt að afplána gæsluvarðhaldsvist sína á Litla-Hrauni.

Ég hygg að ég hafi fengið þær upplýsingar hjá yður að ég ætti að snúa mér til hlutaðeigandi sakadómara varðandi beiðni mína. Ég verð að viðurkenna að sumt af því sem segir í svarbréfi Hjartar Ó. Aðalsteinssonar vegna sakadóms Reykjavíkur er mér næsta lítt skiljanlegt en þó þykist ég sjá að því er beint frá sakadóminum og til ákæruvaldsins að kveða á um hvort orðið skuli við beiðninni eða ekki.

Þess vegna leyfi ég mér enn að beina því til yðar, hvort eigi er hægt að kippa þessu í lag með hliðsjón af mjög bágbornu heilsufarsástandi skjólstæðings míns.

Þá leyfi ég mér enn í sambandi við mál hans að spyrjast fyrir um, hvort ekki sé unnt að koma því til leiðar, að við lögmenn sem erum verjendur sakborninga í málinu fáum hið allra fyrsta í hendur gögn málsins svo að unnt verði að hafa málið frá okkar hendi tilbúið til málflutnings þegar Hæstiréttur kemur saman að loknu réttarleyfi.

Virðingarfyllst,

[signature]

Páll S. Pálsson

RÍKISSAKSÓKNARI
Bréfabók, nr. 2118/79

ÍKISSAKSÓKNARI

LJÓSRIT



ÞB/SJ

M.76/76

ÓSKAST TILGREINT Í SVARI

Reykjavík, 22. júní 1979.

Hér með leyfi ég mér að senda hinni heiðruðu fangelsismáladeild dómsmálaráðuneytisins til athugunar bréf Páls S. Pálssonar, hrl., skipaðs verjanda gæslufangans Kristjáns Viðars Viðarssonar, dags. 11. þ.m., um vist hans í varðhaldinu svo og ljósrit af bréfi sakadóms Reykjavíkur, dags. 23. f.m., til Páls S. Pálssonar, hrl., um sama efni.

Tekið skal fram að ágripsgerð í máli gæslufangans og meðákærðra miðar vel áfram. Þegar eru fullgerð IX bindi samtals um 2000 blaðsíður og er farið að síga á seinni hluta ljósritunar.

Álitsgerð Læknaráðs um sakhæfi og geðheilbrigði ákærðra er enn ókomin.

Þórður Björnsson

Til
dómsmálaráðuneytisins - fangelsismáladeildar.

Afrit:
Hrl. Páll S. Pálsson
Bergstaðastræti 14
101 Reykjavík.

**DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Reykjavík, 29. júní 1979.

JT/ÞJ

RÍKISSAKSÓKNARI 76/76

Með vísun til bréfs yðar, herra ríkissaksóknari, dags. 22. þ.m., tilv. 76/76, ÞB/SJ, sem með fylgdi bréf Páls S. Pálssonar, hrl. dags. 11. þ.m., varðandi vistun gæzlufangans Kristjáns Viðars Viðarssonar í gæzluvarðhaldinu, vill ráðuneytið hér með ítreka það, sem segir í bréfi ráðuneytisins til yðar dags. 30. marz s.l. um ástæður fyrir fyrirkomulagi gæzluvarðhaldsvistarinnar, þ.e. að ráðuneytið telur eigi unnt að haga gæzluvarðhaldsvistinni með öðrum hætti en nú er gert meðan óbreytt eru fyrirmæli þau sem fram koma í bréfi Gunnlaugs Briem, sakadómara, dags. 21. desember 1977 um að fangarnir verði eftir því sem unnt er aðskildir hver frá öðrum.

./. Fylgir ljósrit af bréfinu hér með svo og ljósrit af
./. bréfi Gunnlaugs Briem, sakadómara, dags. 21. desember 1977.

Bréf Páls S. Pálssonar, hrl. ásamt fylgiskjali endur-
./. sendist hér með.

F. h. r.

e. u.

Jón Thors

Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
101 REYKJAVÍK.

RÍKISSAKSÓKNARI 2442/79

RÍKISSAKSÓKNARI

Nr. 2 Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur ~~20. okt. 1979~~

35

ÞB/SJ

Reykjavík, 5. október 1979.

ÓSKAST TILGREINT Í SVARI

Hæstaréttarmálið nr. 214/1978:

Ákæruvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni,
Sævari Marinó Ciesielski,
Tryggva Rúnari Leifssyni,
Albert Klahn Skaftasyni,
Erlu Bolladóttur
og
Guðjóni Skarphéðinssyni.

Skipaðir verjendur ákærðu Kristjáns Viðars Viðarssonar og Guðjóns Skarphéðinssonar í ofangreindu máli, hæstaréttarlögmennirnir Páll S. Pálsson og Benedikt Blöndal, hafa óskað eftir því að lagðar verði fram í Hæstarétti upplýsingar um lyfjagjafir til skjólstæðinga þeirra frá þeim tíma, er þeir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna málsins þangað til héraðsdómur var upp kveðinn.

Hér með er þess beiðst að þér, hr. rannsóknarlögreglustjóri, hlutist til um að aflað verði upplýsinga um lyfjagjafir (magn og tegund) til

1. Ákærða Kristjáns Viðars Viðarssonar á tímabilinu frá 23. desember 1975 til 19. desember 1977, svo og til

2. Ákærða Guðjóns Skarphéðinssonar á tímabilinu frá 12. til 18. desember 1975 og frá 13. nóvember 1976 til 19. desember 1977.

Til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins.

Ljósrit:
Hrl. Páll S. Pálsson, Bergstaðastræti 14
Hrl. Benedikt Blöndal, Ingólfsstræti 5
Hrl. Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Laufásvegi 12
Hrl. Hilmar Ingimundarson, Ránargötu 13
Hrl. Jón Oddsson, Garðastræti 2
Hrl. Örn Clausen, Barónsstíg 21.

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
MÓTT. 08.10.79

HE/þs

Nr. 3 Lagt fram í sakadóm Reykjavíkur 23. OKT. 19..



Kópavogi, 9. október 1979

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 5. þ.m., til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, er frá því greint, að skipaðir verjendur ákærðu Kristjáns Viðars Viðarssonar og Guðjóns Skarphéðinssonar, í hæstaréttarmálinu nr. 214/1978, hæstaréttarlögmennirnir Páll S. Pálsson og Benedikt Blöndal, hafi óskað eftir því að lagðar yrðu fram í Hæstarétti upplýsingar um lyfjagjafir ti skjólstæðinga sinna frá þeim tíma, er þeir voru úrskurðaðir í gæzluvarðhald vegna málsins þangað til héraðsdómur var upp kveðinn.

Beiðist ríkissaksóknari þess, að aflað verði upplýsinga um lyfjagjafir (magn og tegund) til:

1. Ákærða Kristjáns Viðars Viðarssonar á tímabilinu frá 23. desember 1975 til 19. desember 1977, svo og til

2. Ákærða Guðjóns Skarphéðinssonar á tímabilinu frá 12. til 18. desember 1975 og frá 13. nóvember 1976 til 19. desember 1977.

Fer ég þess hér með á leit við yður, að þér látið rannsóknarlögreglu ríkisins í té upplýsingar þær, sem um er beðið í fyrrgreindu bréfi ríkissaksóknara, sbr. meðfylgjandi ljósrit þess.

Hr. læknir
Guðsteinn Þengilsson,
Digranesvegi 12,
Kópavogi.

**HILMAR INGIMUNDARSON**
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR
RÁNARGÖTU 13 – REYKJAVÍK – SÍMI 27765 – P. O. BOX 19

76/76



Nr. 4 Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 25. OKT. 1979

Reykjavík, 9. október 1979

Hæstaréttarmálið nr. 214/1978:
Ákæruvaldið
gegn
Kristjáni Viðari Viðarssyni,
Sævari Marinó Ciesielski,
Tryggva Rúnari Leifssyni,
Albert Klahn Skaftasyni,
Erlu Bolladóttur og
Guðjóni Skarphéðinssyni.

Hef móttekið ljósrit af bréfi yðar til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, dags. 5. okt. 1979, vegna framangreinds máls.

Af því tilefni fer ég einnig þess á leit við yður fyrir hönd skjólstæðings míns, Tryggva Rúnars Leifssonar, að upplýst verði um lyfjagjafir til skjólstæðings míns frá þeim tíma, er hann var úrskurðaður í gæzluvarðhald vegna málsins hinn 23. desember 1975, þangað til héraðsdómur var upp kveðinn hinn 19. desember 1977.

Einnig tel ég eðlilegt að rannsakaðar verði lyfjagjafir til allra ákærðu í málinu á meðan þeir sátu í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins.

Virðingarfyllst,

Hilmar Ingimundarson

Hilmar Ingimundarson, hrl.

Til ríkissaksóknara,
Hverfisgötu 6,
101 Reykjavík.

3665/79

Nr. 5 Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 25. OKT. 1979

ÞB/HH

ÓSKAST TILGREINT Í SVARI

Reykjavík, 11. október 1979.

Hæstaréttarmálið nr. 214/1978:
Ákæruvaldið
gegn
Kristjáni Viðari Viðarssyni,
Sævari Marinó Ciesielski,
Tryggva Rúnari Leifssyni,
Albert Klahn Skaftasyni,
Erlu Bolladóttur
og
Guðjóni Skarphéðinssyni.

Jafnframt því að vísa til bréfs míns, dags. 5. október s.l., til yðar, hr. rannsóknarlögreglustjóri, vegna framangreinds máls, sendi ég yður hér með ljósrit af bréfi hrl. Hilmars Ingimundarsonar, skipaðs verjanda ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar, dags. 9. þ.m.

Vil ég beiðast þess að þér hlutist til um að aflað verði upplýsinga um lyfjagjafir (magn og tegund) til

1. Ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar á tímabilinu frá 23. desember 1975 til 19. desember 1977,

2. Ákærða Sævars Marinó Ciesielski á tímabilinu frá 12. desember 1975 til 19. desember 1977,

3. Ákærða Alberts Klahn Skaftasonar á tímabilinu frá 23. desember 1975 til 19. mars 1976, svo og til

4. Ákærðu Erlu Bolladóttur á tímabilinu frá 13. til 20. desember 1975 og frá 4. maí til 22. desember 1976.

Þórður Björnsson

Til
rannsóknarlögreglustjóra ríkisins.

Ljósrit:
Hrl. Páll S. Pálsson, Bergstaðastræti 14
Hrl. Benedikt Blöndal, Ingólfsstræti 5
Hrl. Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Laufásvegi 12
Hrl. Hilmar Ingimundarson, Ránargötu 13
Hrl. Jón Oddsson, Garðastræti 2
Hrl. Örn Clausen, Barónsstíg 21.

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
MÓTTEKIÐ 12.10.79

HE/þs



Nr. 6 Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 25. OKT. 1979

Kópavogi, 16. október 1979

Í framhaldi af bréfi mínu, dagsettu 9. þ.m., þar sem beiðst var upplýsinga um lyfjagjafir til Kristjáns Viðars Viðarssonar og Guðjóns Skarphéðinssonar vegna hæstaréttarmálsins nr. 214/1978, fer ég þess nú hér með á leit við yður, að þér látið rannsóknarlögreglu ríkisins í té upplýsingar um lyfjagjafir (magn og tegund) til:

1. Ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar á tímabilinu frá 23. desember 1975 til 19. desember 1977,

2. Ákærða Sævars Marinó Ciesielski á tímabilinu frá 12. desember 1975 til 19. desember 1977,

3. Ákærða Alberts Klahn Skaftasonar á tímabilinu frá 23. desember 1975 til 19. mars 1976, svo og til

4. Ákærðu Erlu Bolladóttur á tímabilinu frá 13. til 20. desember 1975 og frá 4. maí til 22. desember 1976.

Fyrrgreindra upplýsinga er beiðst vegna tilmæla ríkissaksóknara í bréfi, dagsettu 11. þ.m., til þessa embættis, sbr. meðfylgjandi ljósrit.

Hr. læknir
Guðsteinn Þengilsson,
Digranesvegi 12,
Kópavogi.

Nr. 7 Lagt fram í sakadóm
Reykjavíkur 25. okt 1979

Kópavogi, 2o. október, 1979.

Hr. rannsóknarlögreglustjóri.

Vegna bréfa yðar frá 9. og 16. þ.m. um lyfjaneyslu tiltekinna fanga í fangelsinu við Síðumúla, vil ég taka fram eftirfarandi:

Það er andstætt siðareglum lækna að gefa upplýsingar um sjúkdoma eða meðferð sjúklinga öðrum en starfsbræðrum, sem hafa þessa sömu sjúklinga einnig til meðferðar. Heilsufar hvers og eins telst þannig til einkamála hans, og um þessi mál ríkir trúnaður milli læknis og sjúklings. Sá trúnaður er ekki rofinn nema eitthvað sérstakt komi til, s.s. dómur sé upp kveðinn um, að slíkt skuli gert. Slík málsmeðferð hlýtur þó jafnan að teljast neyðarúrræði.

Þess ma geta i leiðinni, að upplysingar þær, sem hér er um beðið, eru til einskis nýtar, nema um þau sé fjallað af sérfróðum manni í læknisfræði.

Af þessum ástæðum hlýt ég að synja beiðni yðar um þær upplýsingar, sem farið var fram á i áðurnefndum bréfum, um lyfjaneyslu þessara fanga.

Virðingarfyllst,

Guðsteinn Þengilsson

Hr. rannsóknarlögreglustjóri
Hallvarður Einvarðsson,
Auðbrekku 61,
Kópavogi.

GUÐSTEINN ÞENGILSSON
LÆKNIR
DIGRANESVEGI 12, KÓPAVOGI
SÍMI 40400

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
MÓTTEKIÐ 22.10.79

**RANNSÓKNARLÖGREGLUSTJÓRI RÍKISINS** 

HE/þs

Nr. 1 Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 25. okt. 1979
Hp.

Kópavogi, 22. október 1979.

Með bréfum ríkissaksóknara, dagsettum 5. og 11. þ.m., hefir þess verið beiðst, að rannsóknarlögregla ríkisins hlutaðist til um að aflað yrði upplýsinga um lyfjagjafir (magn og tegund) til:

1. Ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar á tímabilinu frá 23. desember 1975 til 19. desember 1977,

2. Ákærða Sævars Marinó Ciesielski á tímabilinu frá 12. desember 1975 til 19. desember 1977,

3. Ákærða Alberts Klahn Skaftasonar á tímabilinu frá 23. desember 1975 til 19. marz 1976, svo og til

4. Ákærðu Erlu Bolladóttur á tímabilinu frá 13. til 20. desember 1975 og frá 4. maí til 22. desember 1976.

5. Ákærða Kristjáns Viðars Viðarssonar á tímabilinu frá 23. desember 1975 til 19. desember 1977, svo og til

6. Ákærða Guðjóns Skarphéðinssonar á tímabilinu frá 12. til 18. desember 1975 og frá 13. nóvember 1976 til 19. desember 1977.

Þessara upplýsinga er beiðst vegna hæstaréttarmálsins nr. 214/1978, sbr. fyrrgreind bréf ríkissaksóknara, sem fylgja.

Með bréfum þessa embættis, dagsettum 9. og 16. þ.m. var þess farið á leit við Guðstein Þengilsson, lækni, sem gegnt hefir læknisstörfum við Síðumúlafangelsið á undanförnum árum, að hann léti rannsóknarlögreglu ríkisins í té fyrrgreindar upplýsingar, en með bréfi læknisins, dagsettu 20. þ.m., synjaði hann að verða við þessum tilmælum af ástæðum þeim, sem hann tilgreinir í meðfylgjandi bréfi, sem fylgir.

Jafnframt því að senda sakadómi Reykjavíkur hjálögð gögn vegna fyrrgreinds erindis ríkissaksóknara, er þess krafizt, að Guðsteini Þengilssyni, lækni, verði með úrskurði dómsins lýst rétt og skylt að láta rannsóknarlögreglu ríkisins í té

þær upplýsingar, sem eftir er leitað af hálfu ríkissaksóknara í bréfum hans frá 5. og 11. þ.m. vegna meðferðar fyrrgreinds hæstaréttarmáls nr. 214/1978. Þykir í þessu efni mega vísa til 94. gr. laga nr. 74, 1974 þ.e. upphafsákvæðis gr., 2.töl. og niðurlags gr.

Halldór Einarsson

Til
sakadóms Reykjavíkur.

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR
MÓTTEKIÐ 27. 10 79

E N D U R R I T

ú r

S A K A D Ó M S B Ó K  R E Y K J A V Í K U R

---ooo000ooo---

Ár 1979, fimmtudaginn 25. október, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara.

Fyrir er tekið:
Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um úrskurð um upplýsingaskyldu læknis

Dómarinn leggur fram:

1 Bréf rannsóknarlögreglustjóra 22. þ.m.

2 Bréf ríkissaksóknara til Rannsóknarlögreglu ríkisins 5. þ.m.

3 Afrit af bréfi rannsóknarlögreglustjóra til Guðsteins Þengilssonar læknis

4 Bréf Hilmars Ingimundarsonar hrl. til ríkissaksóknara 9 þ.m.

5 Bréf ríkissaksóknara til rannsóknarlögreglustjóra 11. þ.m.

6 Afrit af bréfi ríkissaksóknara til Guðsteins Þengilssonar 15. þ.m.

7 Bréf Guðsteins Þengilssonar 20. þ.m.

Kl. 15.30 er kominn í dóminn Guðsteinn Þengilsson læknir, Álfhólsvegi 95, Kópavogi, 55 ára að aldri.

Honum er kunngert málefni það sem hér liggur fyrir og kröfur rannsóknarlögreglustjóra.

Guðsteinn lýsir yfir því að synjun hans á að láta í té umbeðnar upplýsingar byggist einvörðungu á trúnaðarsambandi hans og sjúklinga hans, þ.e. þeirra sex manna sem hér er um að ræða og taldir voru upp á dskj. 1. Telji hann sér óheimilt að láta í té umbeðin gögn án samþykkis þeirra. Ef hins vegar liggi fyrir ótvíræð beiðni þeirra eða samþykki sé ekkert því til fyrirstöðu að gögnin verði látin í té.

Upplesið, játað rétt

Dómarinn ákveður að taka málið ekki til úrskurðar fyrr en gengið hefur verið úr skugga um viðhorf áðurnefndra manna til þess, hvort upplýsingar um lyfjagjöf til þeirra skuli veittar.

44 A

Vék úr dómi

Dómþingi slitið

Halldór Þorbjörnsson

Vottar:

Jóninna Pálsdóttir

Ásta Ólafsdóttir

Rétt endurrit staðfestir

skrifstofu sakadóms Reykjavíkur 26. október 1979

Jóninna Pálsdóttir

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

ÓSKAST TILGREINT Í SVARBRÉFI
HÞ/jp

Reykjavík, 26. október 1979

45

Hér með, herra rannsóknarlögreglustjóri, endurrit af þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur í gærdag, er fyrir var tekin krafa yðar um að Guðsteini Þengilssyni lækni verði með úrskurði gert skylt að láta í té gögn um lyfjagjafir til sex gæzlufanga. Svo sem þar kemur fram telur dómurinn nauðsynlegt að gengið sé úr skugga um það áður en málið verði tekið til úrskurðar, hvort fangarnir séu samþykkir því að gögnin verði látin í té.

Haraldur Henrysson [signature]

Rannsóknarlögreglustjóri
Auðbrekku 67
Kópavogi

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
MÓTTEKIÐ 26.10.79

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
AUÐBREKKU 61 – 200 KÓPAVOGI



Litla-Hrauni 3o.1o.1979.

Með bréfi ríkissaksóknara dags. 5.1o.1979 er þess farið á leit við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að hann hlutist til um að aflað verði upplýsinga um lyfjagjafir (magn og tegund) til Kristjáns Viðars Viðarssonar, á tímabilinu 23. desember 1975 til 19. desember 1977.

Ég undirritaður Kristján Viðar Viðarsson, f. 21.o4.1955 gef hér með þeim læknum er gáfu út lyfseðla handa mér á umræddu tímabili eins og að ofan segir, leyfi til að gefa upp hverskonar lyf ég fékk og magn þeirra á hverjum tíma ásamt tálganginum með lyfjagjöfinni.

Upplesið, játað rétt,

Kristján Viðar Viðarsson.
Kristján Viðarsson

Vottur:

Halldór Sigurðsson.
Halldór Sigurðsson.

Njörður Snæhólm.
N. Snæhólm

Rétt er að geta þess að áður en ég talaði við Kristján Viðar, talaði ég við Pál S. Pálsson, sem gaf leyfi til viðtalsins í ofangreindu sambandi.

N. Snæhólm

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
AUÐBREKKU 61 – 200 KÓPAVOGI



Litla-Hrauni 3o.1o.1979.

Með bréfi ríkissaksóknara dags. 5.1o.1979 er þess farið á leit við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að hann hlutist til um að aflað verði upplýsinga um lyfjagjafir (magn og tegund) til Sævars Marinó Ciesielski, á tímabilinu frá 12. desember 1975 til 19. desember 1977.

Ég undirritaður Sævar Marinó Ciesielski, f. 06.07.1955 gef hér með læknum þeim er gáfu út lyfseðla handa mér á umræddu tímabili eins og að ofan segir, leyfi til að gefa upp hverskonar lyf ég fékk og magn þeirra á hverjum tíma ásamt tilganginum með lyfjagjöfinni.

Upplesið, játað rétt,

Sævar Marinó Ciesielski.
Sævar M. Ciesielski

Vottur:

Halldór Sigurðsson.
Halldór Sigurðsson.

Njörður Snæhólm.
N. Snæhólm.

Rétt er að geta þess, að áður en ég talaði við Sævar Marinó, talaði ég við Jón Oddsson, sem gaf leyfi til viðtalsins í ofangreindu sambandi.
N. Snæhólm

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
AUÐBREKKU 61 – 200 KÓPAVOGI



Litla-Hrauni 3o.1o.1979.

Með bréfi ríkissaksóknara dags. 5.1o.1979 er þess farið á leit við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að hann hlutist til um að aflað verði upplýsinga um lyfjagjafir (magn og tegund) til Tryggva Rúnars Leifssonar, á tímabilinu 23. desember 1975 til 19. desember 1977.

Ég undirritaður Tryggvi Rúnar Leifsson, f. o2.1o.1951 gef hér með læknum þeim er gáfu út lyfseðla handa mér á umræddu tímabili eins og að ofan segir, leyfi til að gefa upp hverskonar lyf ég fékk og magn þeirra á hverjum tíma ásamt tilganginum með lyfjagjöfinni.

Upplesið, játað rétt,

Tryggvi Rúnar Leifsson.
Tryggvi Rúnar Leifsson

Vottur:

Halldór Sigurðsson.
Halldór Sigurðsson

Njörður Snæhólm.
N. Snæhólm.

Rétt er að geta þess að áður en ég talaði við Tryggva Rúnar, talaði ég við Hilmar Ingimundarson, sem gaf leyfi til viðtalsins í ofangreindu sambandi.

N. Snæhólm

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
AUÐBREKKU 61 – 200 KÓPAVOGI



Auðbrekku 61 Kóp.ol.1l.1979.

Með bréfi ríkissaksóknara dags. 5. lo.1979 er þess farið á leit við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að hann hlutist til um að aflað verði upplýsinga um lyfjagjafir (magn og tegund) til Alberts Klan Skaftasonar á tímabilinu 23. desember 1975 til 19. mars 1976.

Ég undirritaður Albert Klan Skaftason f.16.o2.55. gef hér með þeim læknum er gáfu út lyfseðla handa mér á umræddu tímabili,eins og að ofan segir,leyfi til að gefa upp hverskonar lyf ég fékk og magn þeirra á hverjum tíma ásamt tilganginum með lyfjagjöfinni.

Upplesið,játað rétt,

Albert Klan Skaftason.
Albert Klan Skaftason

Vottur:
Borgþór Þórhallsson
Borgþór Þórhallsson.

Njörður Snæhólm.
N. Snæhólm

Rétt er að geta þess að áður en ég talaði við Albert Klan, talaði ég við Örn Clausen,sem gaf leyfi til viðtalsins í ofangreindu samhandi.

N. Snæhólm

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
AUÐBREKKU 61 – 200 KÓPAVOGI



Auðbrekku 61 Kóp.ol.11.1979.

Með bréfi ríkissaksóknara dags. 5.lo.1979 er þess farið á leit við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að hann hlutist til um að aflað verði upplýsinga um lyfjagjafir (magn og tegund) til Erlu Bólladóttur, á tímabilinu frá 13. til 2o.desember 1975 og frá 4. maí til 22. desember 1976.

Ég undirrituð Erla Bolladóttir,f.19.o7.1955 gef hér með læknum þeim er gáfu út lyfseðla handa mér á umræddu tímabili,eins og að ofan segir, leyfi til að gefa upp hverskonar lyf éf fékk og magn þeirra á hverjum tíma ásamt tilganginum með lyfjagjöfinni.

Upplesið,játað rétt,

Erla Bolladóttir.
Erla Bolladóttir

Vottur:
Hellert Jóhannesson.
Hellert Jóhanness.

N.Snæhólm.
N. Snæhólm

Rétt er að geta þess að áður en ég talaði við Erlu Bolladóttur, talaði ég við Guðmund Í.Sigurðsson,sem gaf leyfi til viðtalsins í ofangreindu sambandi.

N. Snæhólm,

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
AUÐBREKKU 61 – 200 KÓPAVOGI



Kvíabryggju 31.1o.1979

Með bréfi ríkissaksóknara dags. 5.1o.79 er þess farið á leit við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að hann hlutist til um að aflað verði upplýsinga um lyfjagjafir (magn og tegund) til Guðjóns Skarphéðinssonar, á tímabilinu 12. til 19 desember 1975 og frá 13. nóvember 1976 til 19. desember 1977.

Ég undirritaður Guðjón Skarphéðinsson, f. 19.06.1943 gef hér með þeim læknum er gáfu út lyfseðla handa mér á umræddu tímabili eins og að ofan segir, leyfi til að gefa upp hverskonar lyf ég fékk og magn þeirra á hverjum tíma ásamt tilganginum með lyfjagjöfinni.

Upplesið, játað rétt,

Guðjón Skarphéðinsson.

Vottur:
Grétar Sæmundsson.
Benidikt Blöndal.

N.Snæhólm.

Rétt er að geta þess að áður en ég talaði við Guðjón Skarphéðinssón, talaði Hallvarður Einvarðsson við Benedikt Blöndal, sem gaf leyfi til viðtalsins í ofangreindu sambandi og var viðstaddur.

Lyfjanotkun Kristjáns Viðars.

Kristján kemur að því er virðist frá Litla-Hrauni í fangelsið við ðumúla 5/12 1975 og er þá á þessum lyfjum:

5/12 1975: valium lo mg. x 3 á dag
librax 1 tbl x 3 á dag
mogadon 5 mg. vespere og 5 mg x 2 á dag
truxal 5o mg. vesp.

3/1 er Kristján með mixt. chlorali, 15 ml í stað truxal. nnig hefur hann notað um tima bactrim, pyridium og polaramin duplex avegyl) gegn vissum sjúkdómum. Einnig caps tetracyklin og spir. kenalog.

14/5 1976. valíum lomg. x 3 mogadon 1 x 2 og dalmadorm 3o mg vesp. librax 2 tbl 2svar polaramin dupl. 1 x 2 mxt chlorali 15 ml vesp. tetracyklin 25o mg. dgl, spir betnovate, emulsio paraffini, ABCD-in töflur

5/6 1976: Fær calcium Sandoz töflur 5oo mg x 2 að auk.

sept. 1976: Tanderil 2 tbl x 2 og ampicillin 5oo mg x 3 um tíma

14/11 1976: primperan 1 x 3, indocid 25 mg x 3 librax 1 x 3, calc. 1 x 3

23/12 1976: tryptizol, 75 mg vesp, melleril x 25 mg vesp diazepam lo mg x 3, librax 1 x 3 neophyllin 1 x 3

3o/6 1977: Mogadon 1 x 3 og 2 tbl vesp, librax 1x3 librium lo mg x 3 Þar við bættust B-combini 3x3 phenoximethylpenicillin o,32 g x 3-4 og spir kenalog. Síðar breytti caps tetracykl og sol tricosan. Ungv. topicini.

24/9 1977: mogadon 5 mg x 3 og lo mg vesp. B-comb. 2x3, tegretol 1x3 diazepam lo mg x 3 bactrim 2x2.

Þessum skammti heldur Kristján í stórum dráttum til ársloka 1977.

7. nóv 1979

GUÐSTEINN ÞENGILSSON
LÆKNIR
DIGRANESVEGI 12, KÓPAVOGI
SÍMI 40400

Lyfjanotkun Sævars Marinós Ciecielskis.

12/12 1975: Engin lyf.

3/1 1976: chlordiazepoxid lo mg x 3

13/2 1976: diazepam 5 mg x 2 og lo mg vesp. librax 1 x 2

5/6 1976: diazepam lo mg x 3. somadril 1tbl 3 - 4 sinnum dgl.

28/6 1976: diazepam 5 mg x 3 chlorpromazine 15o mg vesp tanderil 2 tbl 2 svar dgl.

1/8 1976: tryptizol 25 mg x 3 diazepam 5 mg x 3 mogadon 5 mg vesþ dolviran 2-3 tbl dgl ef þarf. Caps achromycin 25o mg x 3

16/lo 1976: tryptizol 75 mg vesp, diazepam lo mg vesp, ~~belladenal~~ ~~kxxkkxxx2x~~mogadon 5 mg vesp, dulcolax 1tbl dgl dolviran nostrum ef þarf.

14/11 1976: tryptizol 75 mg vesp, diazepam lo mg vesp. , belladenal 1 tbl x 2 dolviran nostr ef .arf.

11/12 1976: tryptizol 75 mg vesp, diazepam lo mg vesp, dolviran ef þarf.

Lyfjagjöf sennilega með líkum hætti fram til apríl 1977:

lo/4 1977: tryptizol 5o mg vesp, diazepam 5 mg x 3

6/6 1977: diazepam 5 mg x 2, somadril 2 tbl. vesp, tryptizol 75 mg vesp, oleum paraffini 1 msk ~~dgl~~ 2svar dgl, hóstasaft 1 msk x 3 , fjölvitamin 1 tbl x 3

16/7 1977: diazepam lo mg x 2, coffein lo mg að morgni, tryptizol 75 mg vesp, oculog. zincfrin x 3. vitamin x 2

31/7 1977: diazep lo mg x 2, tryptizol 75 mg vesp, coffein 2o mg að morgni. oculog. zincfrin og fjölvitamin. sem fyrr

15/lo 1977: tryptizol 75 mg vesp, periactin 1 tbl x 3, vitamin.

2/11 1977: tryptizol 75 mg vesp, diazep 5 mg x 3, periactin 1x3 fjölvítamin sem fyrr

3/12 1977: Mogadon 5 mg vesp

23/12:1977: engin lyf.

Kóp. 7. nóv 1979 [signature]

GUÐSTEINN ÞENGILSSON
LÆKNIR
DIGRANESVEGI 12, KÓPAVOGI
SÍMI 40400

Lyfjanotkun Tryggva R. Leifssonar.

23/12 1975: Engin lyf.

3/1 1976: dulcolax 2 tbl. x 2

13/2 1976: mogadon 5 mg x 1, mxt chlorali 15 ml vesp

16/3 1976: mogadon 5 mg x 2, mxt chlorali 15 ml. vesp
dalmadorm 3o mg vesp. dolviran 2 tbl.

5/6 1976: mogadon 5 mg x 2 dalmadorm 3o mg vesp, mxt chlor 15 ml
tetracyclin 25o mg xl ABCD-in 1x2 calcium 5oo mg x 2
delmeson resursulf spray.

28/6 1976: sama auktanderil 2 tbl x 2

1/8 1976: mogadon 5 mg x 2,15 ml chlorali vesp.

3o/8 1976: mogadon 5 mg x 3 diazepam lo mg x 2, marplan 1 x 2
mxt chlorali 15 ml. vesp.

17/1 1977: chlordiazepoxid lo mg x 3 mxt chlorali 15 ml vesp
ABCD-in, oculog zincfrin

26/2 1977: diazepam 5 mg x 2, marplan 1x 2, mogadon ½ x 2
calcium Sandoz 5oo mg x 2 mxt chlorali 15 ml vesp.
~~xx/4xx1977~~:
phenoximethylpenic. o,32 x 4

1o/4 1977: sama auk dianabol 1 tbl dgl.

6/6 1977: marplan 1 x 2 mogadon 5 mg x 2 dianabol 1 tbl x 2
mxt chlorali 35 ml vesp. ABCD-in 1 tbl dgl

16/7 1977: dianabol 1 tbl dgl, ABCD-in 1 tbl dgl mxt chlorali
3o ml vesp.

13/8 1977 mxt chlorali 3o ml vesp. ABCD-in 1 tbl.

Rétt afrit (signature) 7. nóv 1979 (signature)

GUÐSTEINN ÞENGILSSON
LÆKNIR
DIGRANESVEGI 12, KÓPAVOGI
SÍMI 40400

Lyfjanotkun Alberts Klahn Skaftasonar

23/12 1975: Engin lyf.

/1 1976: diazepam lo mg x 3, mogadon 5 mg. vesp.

GUÐSTEINN ÞENGILSSON
LÆKNIR
DIGRANESVEGI 12, KÓPAVOGI
SÍMI 40400

Lyfjanotkun Erlu Bolladóttur.

13/12 1975: diazepam 5 mg x 3, mogadon 5 g. vesp.

5/5 1976: diazepam 5 mg x 3, periactin 1 tbl x 3, mxt. chlorali 15 ml

5/6 1976 diazepam 5 mg x 3 polaramin dupl 1 x 2, mxt chlorali 15 ml vp

28/6 1976: diazepam 5 mg x 3 polaramin dupl 1 tb x 2 stelazine 2 mgx2 mxt chlorali 15 ml vesp. Somadril 1 tbl x 4 ungv. synalar og Gel.Al.Hydr. eftir þörfum.

14/8 1976: diazepam 5 mg x 3, ~~Polaramin dupl~~. Polaramin dupl. 1 x 2 stelazine 2 mg x 3 chloral 15 ml vesp. Gel.Al.Hydr og ungv. synalar. Tbl eugynon 1 x 1 x 21

2/10 1976: Polaramin dupl 1 x 2, ~~polaramin dup~~ ungv, celeston val. mechlorar 1 tbl vesp.

23/10 1976: fær að auki tbl primperan 1 x 3

7. nóv 1979

GUDSTEINN BENGILSSON

Lyfjanotkun Guðjóns Skarphéðinssonar.

16/12 1975: diazepam 5 mg x 2 mogadon 5 mg vesp. Mun hafa notað þessi lyf í örfáa daga aðeins. Ennfremur penbritin 5oo mg x 3 í viku til lo daga.

2/12 1976: chlordiazepoxide lo mg x ~~2~~ 3 og diazep lo mg vesp

11/12 1976: chlordiazepoxide lo mg x 2, lo mg mogadon vesp.

17/1 1977: dalmadorm 3o mg vesp. phenoximethylpenicillin o,32 x 4 ABCD-in.

26/2 1977: dalmadorm 3o mg vesp, mxt chlorali 15 ml vesp. lamoryl 5oo mg x 1 diazepam 5 mg x 3

ungv. mycostatin og síðar ungv locacort vioform. ABCD-in x 2

júní - des 1977 var diazepammagn breytilegt, oftast 2 - 3 mg dgl.

7. nóv 1979

GUÐSTEINN ÞENGILSSON
LÆKNIR
DIGRANESVEGI 12, KÓPAVOGI
SÍMI 43400

**RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS**
HE/þs

RÍKISSAKSÓKNARI
Málaskrá nr. 76/76



Kópavogi, 7. nóvember 1979.

Með bréfum yðar, herra ríkissaksóknari, dagsettum 5. og 11. f.m., til þessa embættis, var þess óskað, að aflað yrði upplýsinga um lyfjagjafir til ákærðra í hæstaréttarmálinu nr. 214/1978, svo sem nánar var tilgreint í fyrrgreindum bréfum yðar.

Með bréfum, dagsettum 9. og 16. f.m., var því beint til Guðsteins Þengilssonar, læknis, að hann léti rannsóknarlögreglu ríkisins í té þær upplýsingar, sem eftir væri leitað, og í dag bárust mér meðfylgjandi vottorð hans um lyfjanotkun fyrrgreindra aðila. Þá fylgja og bréfi þessu endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur ásamt framlögðum dómsskjölum um fyrirtekt máls þessa í dóminum 25. f.m.

Hallvarður Einvarðsson

Ríkissaksóknari,
Reykjavík.

4222/79